

Kvennalistinn: Mál. 6. 9. 189

# Kvótanum verði skipt milli byggðarlaga

Kvennalistinn hefur sent frá sér ályktun þar sem lýst er yfir þungum áhyggjum yfir því ástandi sem skapast hefur viða um land vegna nágildandi stefnu í sjávarútvegsmálum.

Í ályktun Kvennalists segir: „Hvert byggðarlagnið af öðru, Keflavík, Þórshöfn, Patreksfjörður, Hofsós, hefur mætt bola skipasörlur með tilheyrandi kvótaflutningum á undanförnum mánuðum. Síðir atburðir skejja undirstöður byggðarlagar, sem byggja tilveru sína næringöngu á sjávarútvegi.

Stjórnvöldum ber siðferðisleg skylda til að liðsinna byggðarlögum í tímabundnum þrengingum. Aðalatriðið er þó, að menn átti sig á því, að atburðir sem þessir munu halda áfram að gerast svo lengi sem fisk-

veiðkvóttinn er bundinn við skip.

Kvennalistakonur gerðu sér fyrir löngu grein fyrir hrikalegum afleiðingum nágildandi fiskveiðistefnu. Í ljósi síðustu atburða er vert að minna á tillögur, sem Kvennalistinn kynnti opinberlega þegar haustið 1987. Samkvæmt þeim yrði fiskveiðikvótinn ekki lengur bundinn við skip, heldur yrði a.m.k. 80% af heildaraflanum skipt milli byggðarlagar með hliðsjón af lönduðum afla fyrri ára.

Hefðu tillögur Kvennalists náð fram að ganga þegar þær voru lagðar fram fyrir tveimur árum væri ástandið annað nú á þeim stöðum sem sætt hafa þungum búsfjum vegna vondra laga. Kvennalistakonur leggja áherslu á nauðsyn þess að breyta nágildandi stefnu við endurskoðun laganna á komandi þingi.“

undur tekur við ritsafni eigin bóka úr hendi Snorra Egilssonar, framkvæmdastjóra Íslenska bókaklúbbsins.

Mál. 6. 9. 189

## Kvennalisti boðar byggða- kvóta

Kvennalistakonur lýsa þungum áhyggjum yfir því ástandi, sem skapast hefur viða um land vegna nágildandi stefnu í sjávar-

útvegmálum. Í fréttatilkynningu segir m.a. um sjónarmið

Kvennalista:

„Stjórnvöldum ber siðferðileg skylda til að liðsinna byggðarlögum í tímabundnum þrengingum. Aðalatriðið er þó, að menn átti sig á því, að atburðir sem þessir munu halda áfram að gerast svo lengi sem fiskveiðikvóttinn er bundinn við skip.

Kvennalistakonur gerðu sér fyrir löngu grein fyrir hrikalegum afleiðingum nágildandi fiskveiðistefnu. Í ljósi síðustu atburða er vert að minna á tillögur, sem Kvennalistinn kynnti opinberlega þegar haustið 1987. Samkvæmt þeim yrði fiskveiðikvótinn ekki lengur bundinn við skip, heldur yrði a.m.k. 80% af heildaraflanum skipt milli byggðarlagar með hliðsjón af lönduðum afla fyrri ára.“



RO X